

Nd.

512. Frumvarp til laga

[257. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 frá 29. mars 1961.

Flm.: Gunnlaugur Finnsson, Karvel Pálmason, Sighvatur Björgvinsson,
Garðar Sigurðsson, Ólafur G. Einarsson.

1. gr.

40. gr. laganna orðist svo:

Í hreppum, þar sem sveitarstjóri er ekki starfandi, skulu oddvitar eiga rétt á launum úr sveitarsjóði vegna starfa sinna skv. 39. gr. Skulu laun oddvita vera 6% af rekstrartekjum sveitarsjóðs og fyrirtækja sveitarfélaga.

Ef um er að ræða sérstakar, umfangsmiklar framkvæmdir á vegum sveitarfélags, sem oddviti sér um, skal oddviti eiga rétt á sérstakri þóknun fyrir þau störf skv. ákvörðun sveitarstjórnar.

Láti oddviti í té húsnæði og aðra aðstöðu vegna skrifstofuhalds, fundahalda o. fl. í þágu sveitarfélags, á hann rétt á sérstakri greiðslu fyrir þá þjónustu, og skal hreppsnefnd meta hana hverju sinni.

Í hreppum, þar sem sveitarstjóri er starfandi, skal þóknun oddvita ákveðin með sama hætti og annarra sveitarstjórnarmanna, skv. 24. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur það farið í vöxt, að sveitarstjórar hafa verið ráðnir framkvæmdastjórar í hreppum. Hafa sveitarstjórar þannig tekið við framkvæmdastjórstörfum af oddvitum. Augljóst er þó, að hinir minni hreppar geta ekki af fjárhagsástæðum ráðið sér sveitarstjóra í fullt starf til að gegna framkvæmdastjórstörfum fyrir sveitarfélagið og verða hinir kjörnu oddvitar þar að gegna þeim störfum meira og minna sem aukastörfum samhliða aðalstörfum.

Oddvitastarf er borgaraleg skylda, skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga, sem menn geta ekki skorast undan. Þó hefur þess orðið vart í sívaxandi mæli á undanförnum árum, að sveitarstjórnarmenn hafi skorast undan að gegna oddvitastörfum, aðallega af tvennum ástæðum. Oddvitastörf eru mjög erilsöm og oddvitalaun hafa verið mjög lág og í engu samræmi við almennt kaupgjald í landinu. Margir oddvitar hafa kvartað yfir þessu og óskað lagfæringa. Er frumvarpi þessu ætlað að bæta að nokkru launakjör oddvita.

Oddvitalaun eru nú 4% af tekjum, sem oddvitar innheimta fyrir sveitarsjóð, og auk þess visst gjald miðað við íbúafjölda sveitarfélagsins. Gjald þetta var s. l. ár, 195 kr. á íbúa.

Í frv. er lagt til, að oddvitalaun verði 6% af öllum rekstrartekjum sveitarfélagsins.

Miðað við s. l. ár mundi þessi breyting þýða um 30—50% hækkun á launum oddvita.

Fylgiskjal.

Samanburður á oddvitalaunum í nokkrum sveitarfélögum skv. gildandi reglum og reglu frumvarpsins.

		Skv. nú- gildandi reglum þús. kr.	Árslaun Skv. reglum frv. þús. kr.	Hækkun %
1. Hreppur með 573 íbúa	730	1 017	33
2. — — 408 —	480	768	37
3. — — 306 —	248	372	50
4. — — 266 —	274	320	50